

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

906. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. maí 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- a. 1605001 stjórn Hafnarsambands Íslands 17. maí sl.
- b. 1605174 stjórn SSNV frá 10. maí sl.
- c. 1605175 aðalfundur Farskólans frá 11. maí sl.

2. 1605110 Bréf frá Regínu Þórarinsdóttur v/félagsheimilisins Ásbyrgis.

Byggðarráð samþykkir að fresta erindinu og óska eftir því við stjórn húsnefndar Ásbyrgis að þau komi á fund ráðsins.

3. 1605029 Bréf frá Sigurði Ingva um samgöngumál.

Sigurður Ingvi spyr um hvenær hann megi eiga von á ljósleiðara og fer einnig fram á að vegur að heimili hans að Bálkastöðum á Heggstaðanesi verði heflaður sem fyrst. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

4. 1605056 Bréf frá umhverfisstofnun um endurskoðun á samningi um refaveiðar en þar kemur fram að endurgreiðslur fyrir refaveiði verði hækkaðar úr 32% árið 2015 í 35% árið 2016. Erindinu vísað til afgreiðslu landbúnaðarráðs.

5. 1509101 Lagt fram bréf Markaðsskrifstofu Norðurlands dags 19. maí sl, ósk um fjárstuðning til verkefnis Air66 á árinu 2017, ásamt til kynningar áfangaskýrslu fyrir tímabilið sept. 2015- apríl 2016. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

6. 1605176 Hirða – opnunartímar.

Lögð fram tillaga frá umhverfisstjóra um breytingar á opnunardögum Hirðu. Í stað miðviku-, föstu- og laugardaga verður opnunartíminn framvegis þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga.

Opnunartími Hirðu móttöku- og flokkunarstöðvar fyrir úrgang Höfðabraut 34a

Hvammstanga verður því framvegis opinn: þriðjudaga 14:00-17:00, fimmtudaga 14:00-

17:00 og laugardaga 11:00-15:00. Lögbundna frídaga er lokað.
Byggðarráð samþykkir tillöguna.

7. **1605177 Erindi frá umhverfisstjóra v/garðsláttar í sumar** þar sem kynntar eru breytingar frá því fyrirkomulagi sem verið hefur. Vegna skorts á vinnuafli mun sláttuhópur ekki geta sinnt garðslætti fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í sumar og leggur því umhverfisstjóri til að sveitarfélagið greiði í þess stað styrk sem nemur kr. 3.500 fyrir hvern slátt sem þeir kaupa af verktaka, gegn framvísun reiknings. Hámarksstyrkur á ári verði kr. 14.000. Byggðarráð samþykkir tillögu umhverfisstjóra um greiðslu styrkja. Umhverfisstjóri kynnti einnig að vegna skorts á vinnuafli þurfi einnig að kaupa sláttþjónustu af verktökum.
8. **1605058 Húnasjóður. Endurskoðun á úthlutunarreglum.** Fyrir liggur tillaga að breytingum á úthlutunarreglum Húnasjóðs. Reglurnar verða eftirfarandi eftir breytingar „Stjórn Húnasjóðs veitir árlega styrki úr sjóðnum. Eftirtaldir geta átt möguleika á styrk úr sjóðnum; Þeir sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra og hafa átt það a.m.k. frá 1. desember árið fyrir úthlutun. Námsmenn sem stunda nám erlendis og þurfa að flytja lögheimili sitt þangað geta sótt um styrk, ef lögheimili þeirra hefur verið síðustu 6 mánuði fyrir flutning í Húnaþingi vestra
Þeir sem stunda nám á háskólastigi þó ekki doktorsnemar.
Þeir sem stunda fagnám til starfsréttinda sem ekki eru á samningi við vinnuveitanda í starfsgrein sinni.
Háskólanemar- og nemar í fagnámi þurfa að vera á síðasta námsári eða að hafa lokið námi sínu eftir síðustu úthlutun til að geta fengið styrk.
Húnasjóður veitir einnig styrki vegna námskeiða ef talið er að þau styrki viðkomandi í starfi. Þó fæst ekki styrkur ef viðkomandi er styrktur af vinnuveitanda sínum eða stéttarfélagi. Styrkur vegna námskeiða er ekki greiddur út nema við framlagningu reikninga um kostnað viðkomandi námskeiðs.
Sveitarstjórn ákveður heildarupphæð styrkja á ári hverju, en byggðarráð úthlutar þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar hverju sinni og ákveður upphæð einstakra styrkja, sem geta verið misháir milli einstaklinga. Þó umsækjandi uppfylli öll skilyrði tryggir það ekki styrk.
Úthlutun byggðaráðs er endanleg og þarfnast ekki rökstuðnings og verður ekki vísað til æðra stjórnvalds.
Umsækjandi getur einungis fengið styrk einu sinni úr sjóðnum“
Byggðarráð samþykkir reglurnar. Reglurnar taka gildi 1. september 2016
9. **Aðalfundarboð Selaseturs Íslands** sem haldinn verður þriðjudaginn 7. júní nk. á Hótel Laugarbakka kl 20:00
Ákveðið að Unnur Valborg Hilmarsdóttir verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
10. **1605050 Erindi frá Litlu Hlíð (áður á dagskrá 905. fundar).**
Ákveðið að kalla saman fulltrúa landeigenda, fulltrúa fjallskilastjórnar og fulltrúa sveitarstjórnar.

11. **1605182 Kynningarfundur Eignarhaldsfélags Brunabótarfélags Íslands** haldinn 3. júní nk. á Blönduósi. Ákveðið að Elín Jóna Rósinberg og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verði fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum.
12. **1605191 Borðeyri – skólahald.** Fyrir liggur beiðni frá foreldrum tveggja barna sem eru á skólasvæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Borðeyri um að börnin sæki skóla á Hvammstanga næsta vetur. Sveitarstjóra falið að skoða málið með skólastjórnendum og koma með tillögu til byggðarráðs um skólastarf næsta vetrar á Borðeyri.
13. **1605190 Kerfisáætlun 2016 – 2025 lögð fram til kynningar.** Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum/ábendingum til Landsnets.
14. **1605192 Erindi frá Mótorkrossfélagi Húnaþings vestra** þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið taki til skoðunar hvort það eigi land til afnota fyrir félagið. Sveitarstjóra falið að skoða málið frekar.
15. **1605196 Erindi frá Höst 531 ehf.** þar sem beðið er um leyfi frá Húnaþingi vestra til að auka veðsetningu á húsnæði félagsins á Laugarbakka. Aukin veðsetning felur ekki í sér neinar skuldbindingar af hálfu Húnaþings vestra, en þar sem afsal hefur ekki enn verið gefið út þarf leyfi sveitarfélagsins. Byggðarráð samþykkir erindið enda hafa breytingar á húsnæðinu aukið verðmæti eignarinnar verulega og felur sveitarstjóra að undirrita tryggingarbréfið.

Samþykkt að taka á dagskrá.

16. Sveitarstjóra falið að auglýsa stöðu sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:34

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir